

Sp. 289. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um rannsóknir á hvalastofnum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að rannsóknir á hvalastofnunum hér við land verði stórefldar frá því sem nú er, í þeim tilgangi að auðvelda allar ákvarðanir um nýtingu þeirra og verndun á komandi árum.

G r e i n a r g e r ð .

Að undanfögnu hafa umræður um hvalveiðar Íslendinga verið ofarlega á baugi. Skiptar skoðanir eru um það, hvort veiðar á hvölum séu réttlætanager og hvort nægjanleg vitneskja sé um hvalastofnana. Afstaða stjórnvalda hefur hins vegar verið sú, að hvalir séu endurnýjanleg auðlind hafsins sem nýta beri af skynsemi, m. a. með tilliti til veiðipols stofnanna.

Á undanfögnu áratugum hafa hvalrannsóknir hérlendis verið að töluverðu leyti í höndum erlendra samstarfsaðila Hafrannsóknastofnunarinnar. Auk eigin athugana hefur stofnunin því stuðst við niðurstöður þessara aðila við mat á ástandi hvalastofnanna hér við land. Einnig hefur verið fjallað um gögn um hvalveiðarnar í Vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem hefur lagt til árlega veiðikvóta með tilliti til vitneskju um ástand stofnanna hverju sinni.

Íslensk stjórnvöld hafa hvatt til aukinna hvalrannsókna, m. a. með skuldbindingum um að veita 7 erlendum vísindamönnum á sviði hvalrannsókna aðstöðu til ýmiss konar athugana við Hvalstöðina í Hvalfirði.

Haldi veiðar áfram verður það að teljast skylda Íslendinga að annast sem ítarlegastar rannsóknir á ástandi þeirra þriggja hvalastofna (langreyðar, sandreyðar og hrefnu), sem hér eru veiddir, svo hæfileg nýting stofnanna verði sem best tryggð. Síðastliðin ár hafa rannsóknir á ástandi hvalastofnanna færst nær alveg í hendur Íslendinga og hafa helstu verkefni Hafrannsóknastofnunar verið þessi:

1. Rannsóknir á sambandi sóknar og veiða.
2. Rannsóknir á almennri líffræði (aldur, vöxtur og viðkoma) þeirra hvalategunda sem hér eru veiddar.
3. Merkingar og talning hvala hér við land.

Öllum þessum rannsóknnum er ætlað að varpa ljósi á raunverulegt veiðipól stofnanna. Best hefur miðað rannsóknnum á langreyði, þó meira þurfi til ef vel á að vera. Sandreyðar- og hrefnuathuganir eru hins vegar styttra á veg komnar og því úrbóta þörf. Við Haf-rannsóknastofnunina starfar einn sérfræðingur að staðaldri við hvalrannsóknir, auk annars starfsfólks við tímabundin verkefni, m. a. sýnatöku að sumri til.

Brýnustu verkefnum, sem vinna þarf að í náninni framtíð, verður því aðeins sinnt að mun meira fjármagn verði veitt til hvalrannsókna en verið hefur. Þó hvalmerkingar séu kostnaðarsamar (útgerð rannsóknaskipa) er mikilvægt að þær verði stórefldar. Fyrstu merkingar Íslendinga á langreyði voru gerðar árið 1965, en hafa einkum verið framkvæmdar eftir 1979, og þarf enn að auka þar við svo þær skili marktækum niðurstöðum um stofnstærð í náninni framtíð. Sandreyðar- og þó einkum hrefnumerkingar eru mun styttra á veg komnar, eins og fyrr segir. Hvað varðar aðra þætti rannsókna er kostnaður mun minni. Hér er fyrst og fremst þörf aukins mannafla, sem eingöngu fengist við gagnaöflun og úrvinnslu.